B.

HNEYKSLIÐ Á ÖLFUSÁ

Gamanleikur eftir Emil Ásgeirsson.

Persónur:

Tobías, hótelhaldari m.m.,
Jósefína, kona hans,
Stella,
Pétur,
presturinn,
rödd fyrir utan.

Leiksviðið er hjónaherbergi á Hótel Ölfusá. Í herberginu þarf að vera mjög stórt hjónarúm og lampi á rúmgafli. Dyr á öðrum hliðarvegg og gluggi á hinum, sem helst þarf að vera hægt að opna.

Tobías og Jósefína eru hvort á sínum stað í rúminu, þegar tjaldið er dregið frá. Hann er að lesa í Morgunblaðinu, en hún er að lesa í kristilegri ritningu eða eitthvað þess háttar.

Jósé. : (Geispar hátt og langdregið bak við bókina) Við skulum fara að hætta þessu Tobías og fara að sofa. Ég er grútsyfjuð. (Byrjar að laga sig til).

Tob. : (Heyrir ekkert og heldur áfram að lesa).

Jós. : (Leggur frá sér bókina, tekur af sér gleraugun, lætur tennurnar í vatn, ef hún getur og setur upp náttúfuna, ef hún á hana til, spennir greipar og setur á sig andlaktina). Svona nú Tobías, lestu nú Faðirvorið og svo skulum við fara að sofa.

Tob. : (Ræskir sig og þar við situr).

Jós. : (Dálítið hátt) Tobías.

Tob. : (Leggur blaðið ólundarlega frá sér). Ég var rétt að byrja á staksteinunum hans Bjarna Ben. -Ég skil ekki í að það liggi svo á að fara að sofa.

Jós. : Þeir geymast víst þessir steinar hans Bjarna. Vertu nú fljótur að slökkva ljósið. Ég er alveg að detta útaf.

Tob. : Já, já, ég skal flýta mér. (Hagræðir sér, spennir greipar, slekkur ljósið og les) "Faðir vor, þú sem".. (Ekur sér). Heldurðu að þú klórir mér ekki svolítið á bakinu á eftir, ég sef þá svo vel?

Jós. : (Hvöss) Tobías, mundu að þetta er heilög stund og það er faðirvorið sem þú ert að lesa. Byrjaðu aftur.

Tob. : "Faðir vor, þú"... Hvað er þetta (hlustar), var þetta ekki bíll að koma?

Jós. : Hvaða vitleysa er þetta, maður. Það er ekki nokkur skapaður hlutur. Haltu áfram.

Tob. : (Setur á sig andlagtina) "Til komi þitt ríki".

Jós. : Nei, Tobías, þú slepptir úr.

Tob. : Sleppi ég úr?

Jós. : Já, þú varst bara búinn að segja, í Faðir vor,

Tob. : (Étur eftir), faðir vor?

Jós. : Já, og svo kemur "helgist þitt nafn", eða svoleiðis.

Tób. : Nei, Jóseffna, það kemur ekki neitt svoleiðis, láttu mig um það. (Ræskir sig) "Faðir vor, þú sem ert á H ..." (Barið harkalega, hjóninu kippast við og setjast upp) Hana nú, trúirðu mér nú, að einhver sé að koma?

Jós. : Ég á var ekki að rengja það. Á Ég heyrði líka að einhver var að koma.

Tob. : Heyrðir þú?

Jós. : Kveiktu, Tobías.

Tob. : Þú.. sem sagðir..

Jós. : (Mjög ákveðin og vill engar umræður). Kveiktu ljós maður.

Tob. X (Kveikir ljós og á hallar sér útaf).

Jós. : Hvað er þetta maður, ertu lagstur útaf? Ætlarðu ekki fram úr og vita hver er kominn?

Tob. : Hvað þýðir það? Hér er allt yfir fullt af gestum og hvergi hægt að troða manni. (Barið aftur og gjarnan kallað, ef hægt er að koma því við).

Jós. : Heyrirðu.. vertu nú fljótur einu sinni.

Tób. : Á ég að fara út í þennan kulda?

Jós. : Nei, nei, farðu bara út í gluggann og spurðu hver sé þar.

Tob. : (Veltir sér fram úr og fer í slopp og skó. Opnar gluggann og kallar). Hver er þar? (Hlustar svolitla stund og hallar svo hausnum á inn), Hún segist heita Stella og vill komast suður yfir heiði strax.

Jós. : XX (Grön) Já, en heiðin er ófær, maður.

Tob. : (Rekur út hausinn) Já, en heiðin er ófær, maður. (Eftir smá þögn) Ha, hvað segirðu? (Inn með hausinn). Hún er bani sjóðandi vitlaus og heimtar bíl strax.

Jós. : (Gramari) Já, en við höfum engan bíl.

Tob. : (Hausinn út) Já, en við höfum engan bíl. (Þögn) Há, ég heyri ekki hvað þú segir, ha?. (Kemur inn með hausinn) Hún á kjaftar svo ótt að ég grynni ekkert í því.

Jós.: Segðu henni að þú XXXXXX skulir koma niður og opna.

Tob. : (Stingur hausnum út og kallar) Segðu henni að þú skulir koma niður...

Jós. : (Grípur framm í) Tobías,.... Hvað ertu að segja?

Tob. : (Kemur inn) Hver.. ég ...? Ha?

Jós. : Já, við hvern heldurðu að ég sé að tala? Farðu bara niður og opnaðu fyrir stúlkunni og láttu hana koma upp og tala við okkur.

Tob. : (Fer).

Jós. : (Seilist eftir spegli og lagar sig til).

Tob. : (Vísar stúlkunni inn og kemur sjálfur á eftir).

Stella: (Kemur inn) Gott kvöld.

Jós. : Gott kvöld. (Þær heilsast með kurt og pí).

Stella: Agalegt er að gera svona mikið ónæði, og bráðum komin nótt.

Tob. : Bráðum, ég held að það þurfti nú ekkert bráðum. Við vorum búin að slökkva ljósið og ég var búinn að lesa faðir vorið.

Jós.: Nei, Tobías, þú varst bara að byrja á faðir vorinu (Við Stellu) Ég veit ekki hvernig verður hægt að ráðstafa þér, góða mín, það eru öll rúm upptekin og hvergi smuga til að láta gest sofa.

Stella: Það gerir ekkert til. Ég var einmitt að segja manninum þínum að ég ætlaði til Reykjavíkur í kvöld eða nótt, ef hann vildi vera svo góður að útvega mér bíl og bílstjóra.

Jós.: Bíl og bílstjóra, góða mín. Hér þarf meira en bíl og bílstjóra. Hellisheiði er skarp ófær. Hún lokaðist í kvöld.

Tob.: Já, og þó svo væri, þá fer ég ekki að hlaupa út um allt þorp að leita upp steinsofandi bílstjóra og kominn öskubylur.

Stella: (Ákveðin, en ekki beint æst), Já, en ég verð að komast suður í kvöld, hvað sem það kostar. Ég get ekki beðið.

Jós.: Góða mín, það þýðir ekkert að segja svona. Nú skal ég koma ofan og finna þér eitthvað að borða, og svo verða einhver ráð með að hola þér niður til að sofa.

Stella: (Er nú orðin æst) Ég vil hvorki borða né sofa. Ég er búin að segja að ég verð að komast til Reykjavíkur í nótt, hvað sem það kost.ar. Ég verð og ég skal. Heyrið þið það.

Tob. : Heyrið nú til ungfrú góð. Hér á þessu heimili er ég húsbóndi og það sem ég segi það verður og það skal. Nú er komin há nótt og vonsku veður og þú verður kyrr. Heyrirðu það.

Stella: (Æpir) Nei-nei-nei. Ég verð að komast. (Býst til að fara). Og ef þið viljið ekki hjálpa mér þá fer ég ein. (Ætlar að stökkva út en Tobías fer í dyrnar).

Tob. : (Ýtir henni frá) Svona, svona, stilltu þig nú. Það er ekki aðeins hérna á hótelinu, sem mín orð eru lög. Ég er hreppsstjóri hérna í hreppnum og ég er póstafgreiðslumaður og símstjóri og ég er líka ~~forstjóri menningar-~~ ~~félagsins~~ og í sóknarnefnd. Og nú segi ég stopp. varaoddvitanefndarform.

Stella: (Fokvond) Burt með þig, segi ég. (Ætlar að kippa honum úr dyrunum en getur ekki) Svona burt, segi ég. (Slær hann utan undir). Burt - burt.

Jós. : (Sprettur upp) Hvað ertu að gera, ungfrú? Heyrirðu ekki að maðurinn minn er hreppsstjóri ~~Hérna Hreppsins og ég er póstafgreiðslumaður og símstjóri~~ og formaður sóknarnefdar, póstafgreiðslumaður og ..... & varaoddvitanefndar formaður

Stella: (Grípur fram í) Já og ~~forstjóri menningarfélagsins~~ og hver veit hvað. Jú ég hef heyrt það.

Tob. : (Mjög ákveðinn) Ungfrú Stella: Ég ætla að láta þig vita að ég á ennþá vöndinn sem ég notaði á krakkana mína þegar þau voru óþæg. (Tekur vöndinn undan rúminu, eða annars staðar) Hann getur líka komið að liði við ungar stúlkur, sem haga sér ósæmilega. Skilurðuk það?

Stella: Þú ert þverhaus og fangur. Hvers vegna fæ ég ekki að fara? (Lyppast niður og skælir í lúkurnar).

Tob. : (Lætur vöndinn á sinn stað) Hvar ætlarðu að láta hana sofa Jóseffína?

Jós. : (Hugsar sig um) Hún verður að sofa hérna hjá okkur.

Stella: (Æpir) Almáttugur !

Jós. : Þeim megin við mig sem þú ert ekki.

Stella: Þá það.

Jós. : Farðu nú út Tobías, og komdu inn þegar þú ert búinn að telja upp að sjöhundruð, á meðan háttar ungfrú Stella.

Tob. : (Fer).

Jós. : Svona nú góða mín, nú skulum við vera rólegar. Það er vitlaust veður, komin hánótt og heiðin ófær, svo það er ekki um annað að að ræða en vera hér í nótt. Vertu nú skynsöm og komdu að hátta.

Stella: Já, já, góða Jóseffína, ég get auðvitað sofið hjá þér en er ekki fullmikið af því góða að sofa hjá sóknarnefndarformanninum, símstöðvarstjóranum, ~~menningarfélagsforstjóranum~~ og póstafgreiðslumanninum líka í sama rúmi? varaoddvitanefndarformanninum

Jós.: Maðurinn minn hefur líka verið forsöngvari og hótelhaldari í 30 ár, ungfrú Stella. Komdu nú, rúmið er stórt og gott og það eru 6 hitapokar í því mín megin.

Stella: (byrjar að hátta) Jæja þá, bara að hann passi þá að vera kyr sín megin.

Jós. : Það gerir hann áreiðanlega. Ég sé um það.

Stella: (Háttar í fartinni, og smokrar sér undir sængina) Ég er alveg staðupp-gefin ...(Teygir úr sér, geispar og er þar á með steinsofnuð).

Tob. : (fyrir utan) 698, 699, 700 (Kemur inn) Er hún sofnuð bestían?

Jós. : Já, hún er sofnuð, hún valt útaf auminginn, dauðsyfjuð, köld og upphefin. Komdu þér nú uppí Tobías svo við getum farið að sofa.

Tob. : (Skríður undir sængina) Þetta eru skárri uppistöðurnaregerjurnar, ég segi bara það. (Situr uppi og glápir á Stellu).

Jós.: (Sér hvað honum líður) Leggstu útaf Tobías....

Tob.: Nú ég var að komast uppí manneskja. Hvaða óðagot er þetta. (Hallar sér á þá hliðina sem snýr að stelpunni og heldur áfram að glápa).

Jós. : (Fylgist með honum, tekur svæfilinn sinn og setur yfir hausinn á stelpunni) Leggstu á hina hliðina og farðu að sofa, eða ætlarðu kannske að ljúka við faðirvorið.

Tob. : (Veltir sér við) Ég nenni því ekki núna. Klóraðu mér heldur svolítið á bakinu meðan ég sofna.

Jós. : Vertu ekki að þessu streði. Slökktu ljósið og farðu að sofa.

Tob. : (Ánugur) Nú jæja, jæja (Slekkur) Já, það er víst best að fara að sofa. Góða nótt Jóseffína, nú skulum við sofa vel út í fyrramálið. (Barið) Hana nú þykir mér týra, einn enn.

Jós. : Þú verður að fara ofan og vita Hver er á ferð.

Tob. : Ég fer bara út í gluggann og gala í hann. (Kveikir og silast framúr.)

Pétur: (Kallar fyrir utan og bankar) Halló, halló.

Tob. : Hvaða helvítis Íti eru þetta. (Fer að glugganum og opnar) Er nokkur þar?

Pétur: (Kallar) Já, er ekki hægt að fá gistingu hjá ykkur? Það er kominn blind-bylur og ég kemst ekki suður í nótt fyrir ófærð.

Tob. : Þú skraðu ekki svona maður. Þú vekur upp í hverju einasta húsi í þorpinu.

Pétur: Hleyptu mér þá inn. Ekki get ég staðið hér í alla nótt.

Tob. : Bíddu svolítið, ég þarf að tala við hana Jóseffínu. (Kemur inn) Hvað getum við gert við hann. Hann heimtar gistingu?

Jós.: Það er engin leið, það er ekki einu sinni til sæng þó við vildum láta hann sofa á gólfinu.

Tob. : Við verðum að hafa einhver ráð, annars gerir hann okkur það til skammar að drepast þarna á tröppunum.

Jós. : Hann verður þá að sofa hérna hjá okkur, hinum megin við þig og láta hann liggja alveg út á stokk.

Tob. : Já, ég fer og sæki hann. Slökktu svo ljósið áður en hann kemur. (Fer).

Jós. : (Slekkur og breiðir vel ofan á sig og Stellu).

Tob. : (Tobías og Pétur koma inn).

Tob.: Þú verður að sofa hérna fyrir framan mig. Það er allt fullt af gestum. (Fer upp í rúmið).

Pétur: Þakka þér fyrir, það er alveg ágætt. (Háttar o.s.frv.).

OG SVO LÍÐUR NÓTTIN

(Þegar tjaldið er dregið frá rís Stella upp, dáliftið ráðvillt í fyrstu, en áttar sig fljótlega og býst til að fara framúr. En þá vaknar Jóseffína. Hún ræður yfir þeim sem eru í þessu rúmi).

K Jós.: Hvað stendur nú til góða mín, þú ætlar þó ekki að fara að klæða þig.

Stella: Jú, nú þarf ég að klæða mig í hvelli. Ég þarf að komast suður sem allra fyrst.

Jós. : Já, en góða unfrú,Stella, það er enginn maður kominn á fæstur ennþá og áður en þú klæðir þig verð ég að láta Tobías gá til veðurs og spyrjast fyrir um færðina. Leggstu útaf og breiddu ofan á þig.

Stella: Nei, nei, ég má til að komast á fætur og af stað. Ég get sjálf gáð til veðurs og spurt um færðina.

Tob.: (Rís upp) Hvað er nú um að vera? (Honum verður starsýnt á Stellu, sem situr uppi og lætur annan fótinn H lafa hirðuleysislega út fyrir rúmstokkinn).

Jós. : Lokaðu augunum, Tobías, fljótt. Leggstu út af Stella. Strax, og fótinn undir sængina. Það eru tveir karlmenn í rúminu

Stella: (Þýtur upp) TVEIR?

Jós.: (Með lífið í lúkunum) Liggðu kyrr, segi ég (Tekur fyrir augun á Tobíasi), Tobías, snúðu þér undan. (Keyrir Stellu niður og breiðir ofan á hana).

Tob.: Hvaða læti eru í þér kona, það er eins og þú sért í blindingsleik.

Jós.: Farðu nú að klæða þig Tobías, þú getur tekið fötin þín og klætt þig fyrir utan. Svo kveikirðu upp og lagar morgunkaffi.

Tob.: (Steinhissa) Ég, á ég að fara að klæða mig og skilja þig eina eftir hjá þessum hérna? (Bendir á Pétur) Nei, Jósefína, ég er ekki eins vitlaus eins og þú heldur —— Þú verður að klæða þig fyrst og fara fram og elda, ég verð kyrr hér á meðan.

Jós.: Einmitt það, já. Svo þú ætlast til að ég fari og skilji þig eftir í rúminu hjá ungfrú Stellu. Ég hélt þú kynnir orðið að skammast þín Tobías. Heldurðu að ég sé búin að gleyma hvernig fór.....?

Tob.: Svona, svona nú, farðu nú ekki að tala um það núna. Þú sérð sjálf að ég get ekki farið. Enginn ærlegur maður skilur konuna sína eftir í rúminu hjá ókunnugum karlmanni. Þetta er kannske sjóari og þú ert nú ekki svo gömul.....

Jós.: (Dálítið hvöss). Vertu nú ekki með þennan vaðal. Farðu strax að klæða þig. Ég verð kyrr hér og lít eftir ungfrú Stellu.

Tob.: Að heyra þetta. Þú mundir ekki einu sinni passa sjálfa þig.

Jós.: (Svolítið hvöss) Þegiðu Tobías og gerðu eins og ég segi þér. Það er komin fótaferð fyrir löngu.

Tob.: Við skulum fara bæði.

Jós.: Nei, það kemur ekki til mála. Eitthvað siðferði verður þú að vera í húsinu. Það skal ég sjá um meðan ÉXKÆKXXX ég fæ einhverju ráðið.

Tob.: Nú, hvernig eigum við þá að fara að? Ekki getum við verið hér í allan dag.

Pétur: (Rís upp dálítið fálkalegur í fyrstu) Jæja, þá fer víst að verða mál að koma sér af stað. (Lítur yfir söfnuðinn) Hvaða ósköp eru hér af fólkinu. Þetta er eins og heil skipshöfn.

Tob.: Já sagði ég ekki að hann mundi vera sjómaður.

Stella: (Hefur risið upp þegar hún heyrði í Pétri) (Æpir) Pétur, ert það þú?

Pétur: (Æpir líka, ef það er ekki of mikill hávaði) Stella, ert þú hérna og ég sem hélt að þú hefðir farið suður í gærkvöldi.

Tob.: (Dolfallinn) Hvað er þetta, ÆÞ þekkist þið?

Pétur: Það hefði ég nú MÁ haldið, við erum trúlofuð.

Stella: Við lentum bara í rifrildi og rifumst alveg ægilega, svo ég ætlaði suður

Pétur: Já er það nokkurt vit? Hún ætlaði suður og giftast gömlum aðdáanda sem veiðir grásleppu suður í Skerjafirði.

Stella: Já það er sú besta grásleppa sem til er í öllu landinu.

Pétur: Já, og karlinn er alveg eins í laginu og grásleppan sem hann veiðir. Þess vegna var ég að flýta mér að ná í hana áður en allt væri um götur gert.

Stella: Skammastu þín bara, Pétur, hann er ekkert grásleppulegri en þú sjálfur...

Jós: Góðu börn farið þið nú ekki að jagast. Það er ekki venja hér í húsinu.

Pétur: Ég ætla ekkert að fara að jagast, en ef þú ætlar að fara að halda því fram að ég sé eins og grásleppa....

Rödd: (Barið á dyrnar) Tobías, er Tobías þarna?

(Tobías og Jósefína líta skelfingu lostin hvort á annað. Allir steinþegja og bíða í ofvæni eftir því sem gerist næst)

Rödd: (Barið aftur dálítið ákveðnara) Er Tobías ekki þarna?

Jós.: Jú, ég er hérna.

Rögd: Ég þarf að fara að komast af stað en mig langar að fá einhvern matarbita áður en ég fer. Hafragraut eða eitthvað.

Tob.: Já auðvitað, ég skil það, en hérna, ég k get bara ekki klætt mig.

Rögd: (Steinhissa) Geturðu ekki klætt þig?

Tob.: Nei, ekki fyrr en ástæðurnar batna.

Rögd: Nú, hvað er þá á seyði? Hvað er að?

Tob.: Ja, sko til, það er nefnilega, sjáðu til ... það er stúlka ....

Jós.: (Lágt) Gættu að hvað þú segir, maður.

Tob.: Nei, já, sko, það er ekki stúlka, svoleiðis.

Rögd: O, ég skil blessaður vertu.

Tob.: Nei, það er ekki eins og þú heldur.

Rögd: Blessaður vertu, ég held ekki nokkurn skapaðan hlut. Allt í lagi Tobías, en hvað er Jóseffína?

Tob.: Jóseffína er hérna líka og hún.....

Rögd: Blessaður láttu hana kveikja undir katlinum.

Tob.: Það er ekki hægt. Það er sko líka karlmaður í rúminu.

Rögd: Nú hætti ég að skilja. Verða þá allir að fara héðan þurrbrjósta?

Tob.: Nei, nei, við skulum tala um þetta hægt og rólega.

Pétur: Mér dettur ráð í hug. Klæðið þið ykkur húsbændurnir og gefið veslings manninum grautinn sinn. Ég skal gæta að Stellu á meðan.

Tob.: Ungi maður, þú talar ósiðlega. Það er best að þú klæðir þig fyrst. Jóseffína getur haldið fyrir augun á Stellu á meðan og ég held fyrir augun á henni.

Pétur: Já, kærar þakkir, en mig langar bara ekkert að klæða mig. Nú liggur mér sko ekkert á.

Tob.: En ungfrú Stella þá, við karlmennirnir lokum augunum á meðan?

Jós.: O, þú mundir áreiðanlega ekki loka nema öðru auganu Tobías.

Stella: Ég get heldur ekki klætt mig. Ég er með harðsperrur um allan skrokkinn. Mig langar bara til að sofa í allan dag.

Pétur: Ég er heldur ekki nærri útsofinn. (Þau hreiðra um sig og láta sér líða vel).

Jós.: Husa sér að þetta skuldi gerast í mínu húsi. Það er úti um mannorð okkar hjá Tobíasi, ef þetta fréttist. Þú verður að gera eitthvað, ásamt maður.

Tob.: Gera eitthvað? Hvað er hægt að gera? Þetta er eins og vera áralaus á fjögurra manna fari úti á rúmsjó.

Jós.: Ég vildi að hann séra Ólafur væri kominn. Hann gæti ráðlagt manni eitthvað.

Pétur: (Sprettur upp) Hvað segirðu, Séra Ólafur? Þetta hefðir þú átt að segja fyrr. Blessuð látið þið séra Ólaf koma. Það leysir allan vandann.

Tob.: Leysir allan vandann? Hvernig þá? Mér finnst ástandið nógu slæmt þó við förum ekki að panta áhrofendur. Kannske þið viljið líka fá myndasmið?

Pétur: Já, því ekki það, ef þriffótó er við henlina. En fyrst af öllu séra Ólafs. Það ætti ekki að líða yfir hann þó hann kæmi hingað.

Tob.: (Reiður) Gættu að hvað þú segir, ungi maður. Ef ég reiðist gæti mér dottið í hug að hýða þig með nærbrókinni. Það hneykslí sem þú hefur komið af stað hér getur orðið mér nógu dýrt, þó ekki sé gert meira til að auglýsa það en þörf er á.

Jós.: Farðu nú ekki að skammast, Tobías, það bætir ekkert úr. Reyndu að gera eitthvað maður.

Stella: (Rís upp) Á ég að fara að sækja séra Ólaf?

Jós.: Nei!. Þú hreifir þig ekki á meðan hann Tobías er þarna, breiddu ofan á þig.

Stella: Þá getur Pétur farið:

Pétur: Nei, takk, ég ætla að vera hér kyrr. (Við Tobías) Kallaðu á þennan sem er fyrir utan og biddu hann að sækja séra Ólaf.

Tob.: Hvað getum við eiginlega gert við séra Ólaf? Það langar mig til að vita.

Pétur: Það skal ég segja þér. Við látum hann koma í kjól og hvítt.
Tob.: Kjól og hvítt?

Pétur: Já, sko, ég meina í hempu og með kraga og allt heila skrúðið. Og svo giftir hann okkur Stellu á stundinni. Þá getið þið klætt ykkur án þess að sið-
Tob.: ferðið sé í hættu. Svona kallaðu á manninn.
Jós.: Ætli við verðum ekki að hætta á það. Það er kannski ekki hægt að vera svona
Tob.: til lengdar. Kallaðu á manninn, ef hann er ekki farinn.
Rödd: (kallar) Halló, er nokkur þarna? (Steinhljóð frammi)
Var einhver að kalla? Er kannske kaffið tilbúið?

Tob.: Já, nú skalt þú bráðum fá kaffið, en fyrst verðurðu að gera mér dálítinn
greiða.
Rödd: Jæja, láttu það koma.
Tob.: Skrepptu fyrir mig til hans séra Ólafs, hann býr hérna á efri hæðinni og
biddu hann að koma hingað til okkar. Hann þarf að vera í hempu og með
handbók, mundu það.

Rödd: O. K. Hann skal koma þó svo ég þurfi að bera hann.
Stella: Já, en Pétur þú, hvað heldurðu að mamma segi? Hún vildi endilega hafa
kirkjubrúðkaup.
Pétur: Biddu fyrir þér, þetta er enn flottara, sérðu - og svo frumlegt. Hugsaðu
þér bara fyrirsagnirnar í blöðunum: gifting í hjónarúmi á Hótel Ölfusá.

Jós.: Ég vil ekki hafa eitt orð um þetta í blöðunum, heyrið þið það.
Stella: En verður þetta nokkuð að marka? Ég er ekki einu sinni í fötum, bara í
undirkjól.

Pétur: Blessuð vertu, Adam og Eva voru allsnakin og ég held það hafi verið að
marka.
Stella: Eigum við ekki að standa og krjúpa og svoleiðis?
Jós.: Nei, nei, nei, þið liggið grafkyrr og breiðið sængina upp að höku.

Stella: Það er svo agalega púkó.
Tob.: Og hvað tekur svo við, situr ekki allt —— (Bankað) Hana nú, nú er hann
kominn, hvað eigum við nú að gera?
Pétur: Kom inn.

Sr. Ól.: (kemur inn og krossbregður þegar hann sér rúmferðið) Ó, afsakið, ég hef víst
farið dyravillt. (Ætlar út) -afsakið- (snýst í ráðaleysi).
Pétur: Nei, nei, þér eruð alveg á réttum stað. Gerið þér svo vel.

Sr.Ól. Nú, ég skil þetta ekki, hvað á ég að gera hér?
Pétur: Það skulum við útskýra allt saman. Fáið yður sæti, rétt á meðan.
Sr.Ól.: Mér er sagt að koma í hempu og með handbók.

Pétur: Alveg rétt. Sjáið þér til -sko- ég heiti Pétur og ungfrúin þarna á hinum
borðstokknum heitir Stella, og þér eigið að splæsa okkur saman í hvelli, hér
og nú, eins og þeir segja í lögfræðinni.
Sr.Ól: Þetta eru mjög óvenjulegar kringumstæður. Ég er hræddur um að þetta sé ekki
hægt.
Tob.: Skítt með allar kringumstæður. Hér er ekkert til sem heitir ekki hægt,
þetta verður að gerast og því fyrr því betra. Ég held þetta ekki út lengur.

Sr.Ól.: Heldurðu ekki út? Hvað heldurðu ekki út?
Tob.: Það er sama hvað það er. Farðu að byrja á þessu.

Sr.Ól.: Ég ég get verð að geta forsvarað athöfnina. Hafið þið nokkur vottorð?
Pétur: Vottorð? Hvernig vottorð?
Tob.: Ég skal gefa út öll nauðsynleg vottorð, ef bara ef þú ferð að byrja á þessu.

Stella: Jæja, þá er allt í lagi, en ég vil láta syngja.
Tob.: Það er enginn tími til þess. Farðu að fletta upp í handbókinni.

Jós.: Auðvitað verður að syngja.
Pétur: Jæja, skítt með það, en bara eitthvað stutt.

Tob.: Nú jæja þá, þú verður að byrja Jóseffína, fyrst við höfum ekki hann Pál með,
Stella: Getum við ekki notast við morguntónleikana í útvarpinu?

Jós.: Nei,ég vil ekki gifta í mínu rúmi eftir einhverju ósiðlegu jassgargi.
Pétur: Er ekki til grammófónn svo við getum látið hann Guðmund Jónsson syngja "Hrausta menn", ef það er mitt uppáhaldslag.

Sr.Ól.: Það verður að vera eitthvað kristilegt, annars verð ég settur af.

Stella: Getum við þá ekki látið séra Þorstein syngja "Jesú bróðir besti"?
Sr.Ól. Nei, það á ekki við. Það gæti gengið ef ætti að skíra en alls ekki við svona tækifæri.

Jós.: Við verðum líka að syngja sjálf, annars verður engin stemning.
Tob.: Ég held að stemmingin sé alveg komin í hápunkt.

Pétur: Jæja, er nú ekki orðið mál að fara að drífa þetta af?
Tob.: Það er að minnsta kosti orðið langt síðan mér varð mál.

Jós.: (snöggt) Tobías! gættu að þér.
Tob.: Ég er nú að reyna það.
Jós.: Ég meina það ekki. Ég meina að þú gætir að hvað þú segir.
Pétur: Kannske við sækjum sýslumannninn og höfum þetta borgaralega giftingu?

Stella: Nei, mamma vill ekki svoleiðis og ég vil láta syngja.

Jós.: Ég fyrirbíð að sýslumaðurinn komi hingað fyrr en við erum öll komin á fætur.

Sr.Ól: Mætti ég ekki fresta athöfninni þangað þið eruð klædd og meiri ró komin á taugarnar?

Tob.: Nei, hér verður engu frestað og þú sérð líka sjálfur sr. Ólafur að það getur enginn farið á fætur nema stofna siðferðinu í voða.

Sr.Ól.: Ekki segi ég það nú...en....
Jós.: En það segi ég og upp úr þessu rúmi fer enginn fyrr en þau tvö eru komin í heilagt hjónaband.
Pétur: Þá skulum við fara að byrja á þessu og drösla því af í fartinni.
Jós.: Hvernig væri að syngja versið hérna:

Leið oss þú lukkunnar andi,
um lífið í velferðarstandi.
Að sigla í sambandi er vandi,
svo sambandið lendi ekki í strandi.

Sr.Ól.: Nei, við skulum ekki blanda Sambandinu í þetta.
Tob.: En þá þetta hérna:

Lagt er upp í langa reisu
lausnarinn verndi oss frá hneisu.
En til þess að forðast alla kveisu
er ég í svellþæfðri lopapeysu.

Sr.Ól.: Nei, nei, þetta er úr gömlu sálmabókinni, það megum við ekki nota.

Stella: Ég held að við ættum að láta hann sr. Ólaf finna eitthvað í nýju sálmabókinni handa okkur að syngja.

Pétur: Já, ég held það sé best. Og vera svo ekki með neinar vífillengjur.

Tob.: Já, ég styð það - Sr. Ólafur blessaður finndu eitthvað viðeigandi og hafðu það stutt.

Sr. Ól.: Það ætti að vera fljótfundið. Látum okkur nú sjá u, u, u,. Við skulum t.d. sálminn nr. 813.

Jós.: (Seilist eftir sálmabókinni handa sér og Tobíasi) Tobías, þú syngur bassann. (Þau leita, ræskja sig og humma)

Sr. Ól.: Þá vil ég biðja alla viðstadda að setja sig í viðeigandi stellingar. (Hann gengur fram fyrir rúmið og stillir sér upp með bakið að áhorfendum).

T J A L D I Ð